

# Ljósioð frá Íslandi.

## Enskur Íslendingavinur og íslensk framtíð

Eftir dr. Helga Pjeturss.

### I.

Biskupinn, dr. Jón Helgason, hefir sagt mjer frá og lánað mjer bók, sem jeg ætla hjer að vekja eftirtekt á, því að bók þessi má einstök heita í heimsbókmentunum og birtir oss Íslandsvin, sem ekki á sinn líka nje hefir átt. Íslandsvinur þessi heitir Adam Rutherford; er hann stórættaður maður og víðförull, en ekki er mjer kunnugt um hvort ættin er hin sama og Rutherford's lávarðar, hins fræga eðlisfræðings. Formáli bókarinnar, sem heitir *Iceland's Great Inheritance*: Hinn mikli arfur íslensku þjóðarinnar, er ritaður í maí s.l. Segir þar að Ísland sje eitt af merkilegustu löndum á jörðinni og að í bókinni sjeu færðar sönnur á, að hin litla íslenska þjóð eigi fyrir höndum að vinna, í náinni framtíð, undursamlegt og heiðrað hlutverk í hinni miklu sögu sköpunarverksins. Kveðst höfundurinn sannfærður um, að þetta mikla ætluarverk íslensku þjóðarinnar muni verða til blessunar eigi einungis Íslendingum sjálfum, heldur einnig hinum skyldu skandinavisku, engilsaxnesku og keltnesku þjóðum. Og hann lýkur formálanum á því að óska þess, að bók hans megi verða íslensku þjóðinni nokkur hjálp til að taka upp hið mikla verk sem henni er ætlað að vinna.

### II.

Í sjálfri bókinni kveður höfundur jafnvel ennþá ríkar að orði. S. 10 segir hann: „Eins og Benjamín litli varð að lokum hinn mikli ljósberi. Þannig getur það verið, að það eigi fyrir hinni litlu íslensku þjóð að liggja, að verða mikið ljós, öðrum þjóðum“. Á s. 13 kallar hann Ísland hinn bjarta blett á jörðu vorri. Árið 1941 telur hann líklegt, að Ísland muni að fullu marki fara að koma til sögunnar „sem ljósberi“. (S. 25). S. 26 segir Rutherford þessi stórkostlega spámannlegu orð: „Aldrei hefir áður í sögu mannkynsins nokkurri þjóð verið ætlað alveg eins dýrðlegt hlutverk eins og það sem verður heiður íslensku þjóðarinnar að vinna, á tímum sem eru orðnir mjög nálægir . . . íslenska þjóð! ris þú upp til að gegna þinni háu og undursamlegu köllun“. Og Reykjavík er í Rutherford's augum ekki eingöngu hinn mikli fiskiveiðibær. „Reykjavík“ — segir hann s. 35 — „mun verða aflmiðstöðin, og þaðan mun geisla guðlegt ljós og guðleg áhrif á þeim vandræða tímum er nú svo mjög nálægast og þegar öllum þjóðum mun verða sá vandi stofnaður að aldrei hefir verið annar eins, síðan nokkur þjóð var til. Ó, hamingjusama Ísland og þrefalt hamingjusama Reykjavík!“ S. 38: „Hversu háleit er því köllun íslensku þjóðarinnar og hversu stórkostlegur arfur hennar! Guð mun nota eigi einungis fáa Íslendinga, heldur alla þjóðina, menn, konur og börn. Þetta eru tímar mikilla hreyfinga, en íslenska þjóðin mun bráðlega, undir guðlegri forustu, hefja hina mestu andlegu hreyfingu vorra tíma, hreyfingu sem mun leiða til aldaskifta í sögu hinna bresku og skandinavisku þjóða“. Þó að Rutherford nefni þarna og víðar aðeins

hann hyggur að „vakning þessi, sem hefst á Íslandi“ (This awaking, beginning in Iceland) muni ná til allra þjóða. Á s. 37 kallar hann Reykjavík ljóssins borg og segir að áður lýkur muni allar þjóðir ganga í því ljósi.

### III.

Jeg segi það hiklaust, að höfundur bókarinnar „Hinn mikli arfur islensku þjóðarinnar“ er spámaður og það einn hinna stærstu, og að það er fyrir guðlegan stuðning, sem hann hefir komist að hinum stórkostlegu niðurstöðum sínum. Hitt er annað mál, á hvern hátt hann leitast við að rökstyðja þær. Það er aukaatriði. Og til þess að skilja það, verður að muna eftir því, að Bretar hafa verið nefndir þjóð bók- arinnar, þ. e. bibliunnar; svo mikið hefir kveðið að áhrifum þeirrar bókar á breskt hugarfar og bókmentir. Og því verður ekki neitað, að aðferð hans til að heimfæra sumar hebreskar fornspar upp á íslensku þjóðina er mjög gáfulleg. En þó kemur það mál lítt við mig, og ætla jeg ekki að fara að ræða það nánar. Ekki heldur það sem hann segir um hinn mikla pyramída er hann nefnir guðlega opinberun í steini: Divine Revelation in stone. Aðalatriðið er það, að þessi mikli spámaður kemst að því er heita má, að sami niðurstöðu og mín er, um þýðingu íslensku þjóðarinnar fyrir mannkynið, enda stýðst hann ekki eingöngu við hebreskar og egyptskar fornspar, heldur einnig við sögu þjóðar vorrar. Hann telur landnámið hjer hafa orðið að guðlegri ráðstöfun. Hann getur um bók Jewetts, The Normans (Normannarnir) og hvernig þessi höfundur seg-

ir frá því, að bróðir Göngu-Hrólfis sem vann Normandi, hafi farið til Íslands, og að á Íslandi hafi verið stofnað eitt af merkilegustu lýðveldisríkjum, sem mannkynssagan þekkir, og hafi á lýðveldistímanum orðið hjer til þær bókmentir, sem aldrei hafi verið farið fram úr. Rutherford var alveg ókunnugur mínum ritgerðum þegar hann skrifaði þessa bók sína, en í mjög vinga-gjarnlegu brjefi, dagsettu 10. ág. s.l., getur hann þess að vinir sínir í Lundúnum hafi sagt sjer af mjer og lætur í ljós áhuga á að kynnast greinum mínum.

### IV.

Rutherford lætur þess hvergi getið í bók sinni hvers eðlis það ljós sje sem hann kveður koma munu frá Íslandi og lýsa öllu mannkyni. En um það efni veit jeg dálítið. Það er til íslensk uppgötvun sem bersýnilega er eða getur orðið upphaf meiri framfaraaldar í visindum en verið hefir nokkurntíma áður. Það er uppgötvunin á sambandselli draumlífsins, þar sem oss opnast leið til mjög aukins skilnings á möguleikum lífsins, á eðli og tilgangi hinnar lífandi veru. Vjer sjáum þar leið til að láta visindin ná yfir það sem áður hefir verið svið dulrænu og trúarbragða, skiljum, að rannsaka má lífið á öðrum jarðstjörnum, og að það líf er að nokkru leyti framhald þess lífs sem lífað hefir verið hjer á jörðu. Vjer öðlumst nýja útsýn yfir alt lífið hjer á jörðu og sjáum hvernig stefnt hefir verið að mjög ákveðnu takmarki, og einnig, hvernig það er hin mesta hörmung ef því takmarki verður ekki náð,

V.

Rutherford brýnir mjög fyrir hinni íslensku þjóð, hver nauðsyn henni er á, að vakna við hinu mikla hlutverki, sem henni er ætlað; og það er ekki vafi á því, að sú von, sem hann lætur í ljósi um að orð hans megi verða þjóðinni að liði í þeim efnum mun rætast. Hins er engin von, að hinn ágæti spámaður viti hve mjög rás viðburðanna á þessum síðustu árum, bendir til þess, að þjóðin sje ekki vöknud við þessu mikla ætlunarverki ennþá, viti ekki sitt hlutverk nægilega vel, og er jafnvel óhætt að segja, að hjer á landi hefir nú um ekki allfá ár, verið að ræða um áhrif svo ill, að engin slik hafa áður stefnt á jafn háskalegan hátt, til að eyðileggja framtíð hennar. Þeim áhrifum þarf að eyða, hinum yfirvofandi voða þarf að afstýra, og má, og þó einungis ef ~~því~~ tekst hjer að tendra það ljós er öllu mannkyni geti lýst á hina rjettu leið. Og ef þetta tekst, hversu ört mun þá landið batna svo að vjer getum hodið mönnum allra þjóða hingað heim til að fræðast, gleðjast og styrkjast. Og hversu ört mun þá þjóðin sjálf blómgastr svo, að íslenskt atgervisfólk beri heill og hróður Íslands víða um lönd. Því að þá verður hin illræmda Íslands óhamingja úr sögunni, en í hennar stað mun íslensk heill lýsa eigi einungis yfir þessu landi, heldur yfir gervallri þessari jörð.

21. sept '37.

*Helgi Pjeturss.*

*Falkinn*

og hversu mjög tæpt er komið í því efni hjer á jörðu, og hinn mesti vofi því yfirvofandi ef ekki fæst ljós til að eyða myrkri vanþekkingarinnar. Vjer sjáum fram á, að á skömmum tíma mætti gjörbreyta svo til á jörðu vorri, að alt mannkyn stefndi samtaka fram að hinu glögga marki, þannig að tala mætti um vor fyrir lífið á jörðinni, og það heimsvor, sem aldrei mundi enda taka. Hinn mikli enski andagiftarmaður hefir vissulega ekki verið of stórordur í bókinni um hinn mikla arf íslensku þjóðarinnar. Það er furðulegt og skemtilegt að veita því eftirtækt, að þegar á fornöld Íslendinga samtímis Ara fróða, var uppi frábær vitmaður, sem nálega má telja fyrirrennara að því er snertir upp-götunina á eðli draumalífsins. Oddi hjel þessi maður og var kendur við stjörnuurnar. Ágætir íslenskir gáfamenn eins og dr. Björn Olser og prófessor Eiríkur Briem og nú seinast dr. Þorkell Þorkelsson, hafa skrifað merkilegar ritgerðir um Stjörnu-Odda, og hyggur dr. Þorkell, að óhætt muni vera að telja Stjörnu-Odda merkilegasta stjörnufræðing sinnar aldar. Og á sama máli er þýskur vísindamaður sem um Odda hefir ritað — jeg man því miður ekki nafn hans. — Dr. Þorkeli þýkir ekki draumur sá merkilegur, sem sagt er að Odda hafi dreymt, og er það að visu satt, en þó hygg jeg að nota megi eigi einungis stjörnuathuganir Odda til að sýna fram á, hversu frábært hefir verið vit þessa ágæta Íslendinga, eins og höfundar þeir sem jeg nefndi hafa gert, heldur einnig draum þenna, og vona að geta gert það í annari ritgerð.